



**AÐALFUNDUR 3. APRÍL 2014**

**SKÝRSLA STJÓRNAR**

---

---

## 1 INNGANGUR

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænni hönnun og byggingaraðferðum og skipulagi.

Tilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Samtökin skulu hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Markmið samtakanna byggjast í grófum dráttum á eftirfarandi atriðum:

- Að skilgreina íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunaaðilum að þróa í auknum mæli vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.
- Að styðja við faglega umræðu og rannsóknir á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar.
- Að stuðla að fræðslu almennings og hagsmunaaðila á Íslandi um vistvænt skipulag og mannvirki.
- Að stuðla að samvinnu við erlendar systurstofnanir með það að markmiði að miðla af okkar reynslu og nýta þekkingu frá öðrum löndum.

Fjórða starfsár Vistbyggðarráðs hefur verið með svipuðu sniði og árin á undan, en helstu viðburðir starfsársins eru þessir:<sup>1</sup> Ráðstefna VBR í maí, opinn fundur í október og ein vinnustofa í samvinnu við Evrópumíðstöð Nýsköpunarmiðstöðvar að hausti. Tveir starfshópar hafa verið að störfum mest allt árið en starfshópur um Vistvottun bygginga lauk störfum í maí með útgáfu skýrslu. Þá fór nokkur tími í að vinna að undirbúningi umsókna til Nordic Built í samstarfi við systurfélög á Norðurlöndunum sem varð svo til þess að tveir stórir styrkir fengust eða samtals rúmar 104 milljónir til tveggja verkefna og var það tilkynnt í árslok 2013. Þá var haldinn einn aðilafundur að hausti auk ýmissa smærri verkefna.

---

<sup>1</sup> Miðað er við starfsárið frá 11. apríl 2013-3. apríl 2014


## 2 INNRI STARFSEMI

### 2.1 Aðilar 2013

Eftirfarandi fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög voru skráðir aðilar að Vistbyggðarráði starfsárið 2013-2014. Alls sóttu 3 aðilar um félagsaðild á starfsárinu (sjá undirstrikun). Í lok janúar 2014 voru aðilar 34 talsins. Tveir aðilar fara út af aðilalista á starfsárinu, ERGO fjármögun Íslandsbanka og Almenna verkfræðistofan sem sameinaðist Verkís. Með tilkomu nýrra félaga breyttist samsetning aðila nokkuð og er flóran nú enn fjölbreyttari sem er mjög jákvætt.

Arkitektúr.is	Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Mannvirkjasvið
Arkís arkitektar ehf	Orkuveita Reykjavíkur
ASK arkitektar	Reitir Fasteignafélag
Basalt Arkitektar	Reykjavíkurborg
BYKO	Ríkiskaup
Búseti	Sesseljuhús umhverfissetur
EFLA	Skipulagsstofnun
Fasteignir Ríkissjóðs	Teiknistofan Tark ehf.
Félagsbústaðir	THG arkitektar
Framkvæmdasýsla Ríkisins	Urriðaholt hf.
Hornsteinar arkitekta	<u>VA arkitektar</u>
Háskólinn í Reykjavík	Verkís
Húsasmiðjan	VSB verkfræðistofa
Iðan fræðslusetur	VSÓ Ráðgjöf
<u>Íslenskir aðalverktar</u>	
Landsvirkjun	
Mannvit	
Mannvirkjastofnun	
<u>Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Efnisfræði og steinsteypusvið</u>	

Á súluritinu er sýnd samsetning aðila og er miðað við skiptingu sem sett er fram af World Green Building Council og er ætlað að endurspeglar byggingarmarkaðinn og þá sem starfa í tengslum við hann. Þetta súlurit sýnir jafnframt hvar þarf helst að auka fjölbreytni í aðildarhóp Vistbyggðarráðs á næstunni.



[Mynd: Súluritið sýnir fjölda aðila í mismunandi atvinnugreinaflokkum.]

## 2.2 Tekjur félagsins

Aðildafélagar borga árlegt félagsgjald og rekstur félagsins er að mestu fjármagnaður með félagsgjöldum eða styrkjum sem þá ganga beint til skilgreindra verkefna. Hver aðili getur valið um að greiða 110, 315 eða 525 þús. kr.<sup>2</sup> Einnig komu inn tekjur árið 2013 vegna ráðstefnu og svo eru færðir inn styrkir frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna tveggja verkefna sem unnust á árinu.

Um miðjan febrúar 2014 fékk Vistbyggðarráð eina milljón króna styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til þess að sinna m.a. norrænu samstarfi og útgáfu á árinu 2014 og hefur nú hluti styrks verið greiddur og mun hann gagnast vel í þeim verkefnum sem framundan eru.

<sup>2</sup> Miðað við aðildargjöld 2013, en 10% hækkun var samþykkt á aðalfundi 2012.

## 2.3 Stjórn

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna sem ávallt eru boðaðir á fundi og eru virkir í stjórn. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega, en að auki hafa verið haldnir vinnufundir í tengslum við stefnumótun. Fundagerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs.

Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Á aðalfundi þann 11. apríl voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn, en samkvæmt lögum félagsins átti að kjósa þrjá nýja stjórnarmenn, en þrír aðalmenn og einn varamaður sátu sitt annað starfsár.

### **Stjórn Vistbyggðarráðs 2013-2014:**

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (kosin til 2 ára)

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (annað starfsár)

Elín Vignisdóttir (annað starfsár)

Páll Gunnlaugsson (annað starfsár)

Helga Jóhanna Bjarnadóttir (kosin til 2 ára)

*Varastjórn:*

Lena Kadmark (kosin til 2 ára)

Björn Guðbrandsson (annað starfsár)



Á fyrsta fundi stjórnarinnar var Helga Jóhanna Bjarnadóttir kosin formaður stjórnar og hefur hún sinnt því hlutverki allt starfsárið. Guðmundur Tryggvi var kosinn gjaldkeri og Elín Vignisdóttir ritari.

Í byrjun árs 2014 flutti Lena Kadmark af landi brott og hefur ekki starfað með stjórninni á síðustu fundum. Eru hennir færðar kærar þakkir fyrir sín störf.

## 2.4 Starfsmenn og starfsstöð

STARFSMENN: Á árinu voru ekki gerða breytingar á starfsmannahaldi, og sinnir framkvæmdastjóri almennum rekstri í 50% stöðugildi. Á stjórnarfundum þann 12. mars, 2014 var samþykkt að auka starfshlutfall framkvæmdastjóra í 100% frá og með 1. ágúst enda standi styrkveitingar undir þeirri fjármögnun.

STARFSSTÖÐ: Þann 3. febrúar 2014 var skrifstofa Vistbyggðarráðs flutt í nýjar höfuðstöðvar Verkis við Ofanleiti 2 í Reykjavík, þar sem hún verður næstu 2 árin samkvæmt samkomulagi og er aðsetur framkvæmdastýru á 5. hæð. Undanfarin þrjú ár hefur skrifstofa VBR verið í húsnæði EFLU á Höfðabakkanum og er EFLU þakkað fyrir gott og ánægjulegt samstarf og sitt framlag til reksturs skrifstofunnar. Markmið með færanlegri skrifstofu VBR er fyrst og fremst að efla tengsl við félag og miðlun þekkingar og reynslu af verkefnum á sviði samtakanna. Óhætt er að segja að þetta fyrirkomulag hafi gengið afar vel undanfarin ár og hefur verið vel tekið á móti framkvæmdastýru á nýjum stað.

## 2.5 Starfsemi

Eitt af megin markmiðum Vistbyggðarráðs er að styðja við faglega umræðu sem og stuðla að miðlun upplýsinga um vistvænar aðferðir og áherslur til almennings og hagsmunaaðila, en það er gert m.a. með því að halda úti vefsíðu og standa fyrir opnum málefnafundum og ráðstefnum. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að vera í samstarfi við ýmsa aðila bæði um einstök verkefni og viðburði sem tengjast grunnmarkmiðum félagsins. Framkvæmdastóri sinni almennri og daglegri starfsemi auk þess að sinna erlendum samskiptum við vistbyggðarráð hinna norðurlandanna. Vistbyggðarráð hefur einnig haldið utan um starf starfshópa á árinu sem vinna að markmiðum samtakanna um að skilgreina viðmið fyrir vistvænt skipulag sem og að meta heppileg vottunarkerfi fyrir íslenskan markað fyrir vistvænar byggingar .

## 2.6 Starfshópar

Á árinu 2013 hafa tveir starfshópar verið að störfum. Þetta eru annars vegar starfshópur um vottunarkerfi fyrir byggingar og hins vegar starfshópur um vistvænt skipulag.

Báðir starfshóparnir hafa verið starfandi á grundvelli styrkja frá Umhverfissráðuneyti en annar þeirra lauk störfum í maí 2013 með útgáfu skýrslunar: „Vistvottunarkerfi fyrir byggingar. Greining á hagkvæmni og aðlögunarhæfni erlendra vistvottunarkerfa fyrir íslenskan byggingarmarkað.“ Sjá skýrslu á vef [VBR](#)



## 2.7 Stefnumótun

Haustið 2012 voru unnin stefnumið fyrir árið 2013 sem hafa nýst vel m.a. við gerð árangursmats sem kynnt var á stjórnafund þann 23. janúar og er birt sem viðauki með þessari skýrslu. Sú stefnumótun sem unnið hefur verið að á undanförunum árum hefur nýst vel til þess að leiða starfið áfram en nú þegar nokkur tímamót eru í starfseminni er mikilvægt að endurmeta stöðuna. Í byrjun árs var stefnt að því að setja niður ný stefnumið fyrir árið 2014 ,en sú vinna bíður vorsins. Fram að því verður áfram unnið með þau markmið sem þegar hafa verið sett varðandi starfsemina.


Stefnumótunarskýrslu Vistbyggðarráðs 2013-2015 má nálgast á vefsíðu Vistbyggðarráðs undir, *starfsemi*.



### 3 YTRI STARFSEMI

#### 3.1 Kynningarmál

Vistbyggðarráð hefur hingað til að mestu kynnt sig og starfsemi sína í gegnum heimasíðu sína og með auglýsingum sendum á póstlista félagsins. Með formlegum samstarfsamningum hefur VBR að auki náð útbreiðslu á póstlistum annarra félagsamtaka, en einnig hefur verið reynt að efla beina og óbeina kynningu í tengslum við ýmsa viðburð. Þá hafa verið birtar greina í dagblöðum, en nauðsynlegt er að efla enn frekar kynningu og greinskrif í dagblöð og fagtímarit og er æskiltegt að virkja bæði stjórn og aðila í þeim tilgangi til að endurspegla þá breidd sem er fyrir hendi í starfsemi VBR. Á facebook síðu VBR eru settar fram upplýsingar með fremur óformlegum hætti og lögð áhersla á að auglýsa viðburði á vegum VBR. Þátt fyrir að gera þurfi átak í birtingu efnis frá VBR í fjölmiðlum þá er óhætt að fullyrða að opnir fundir á vegum VBR á liðnu ári hafi hlotið nokkra athygli og var til að mynda ráðstefnu og opnum fundi um gróður og gott inniloft gerð nokkuð góð skil á RÚV (Rás 1). Þá hefur verið nokkuð gott aðgengi að kynningu á viðburðum í tengslum við útvarp.



#### Útgáfa póstkorts. - Hvað er sjálfbær bygging ?

Um er að ræða póstkort þar sem tilgreind eru 10 atriði sem einkenna vistvæna byggingu. Það komu út þann 11. apríl 2013 og er útgáfa þess í samræmi við stefnumið sem sett eru fram í stefnumótunarskýrslunni fyrir árið 2013. Á framhlið póstkortins koma fram nokkur grunnskilyrði fyrir því að bygging geti kallast sjálfbær. Hönnuður póstkorts er Valgerður G.Halldórsdóttir, Fabrikunni en textavinna fór fram í samvinnu stjórnar og framkvæmdastýru og byggir á almennum viðmiðum vistvottunarkerfa. Hægt er að nálgast kortið á heimasíðu eða fá eintök hjá framkvæmdastýru.

#### Kynningarmyndband um vistvænar byggingar:

Vistbyggðarráð hefur tekið þátt í ýmsum samstarfverkefnum, stórum sem smáum. Eitt þeirra er gerð kynningarmyndbands um vistvænar byggingar. Það var lettneska Vistbyggðarráðið sem fékk styrk til þessa verkefnis og leitaði eftir samstarfsaðilum á Norðurlöndunum. Vistbyggðaráðin á Íslandi og Finnlandi eru þessi samstarsaðilar og fólst sú samvinna í því að VBR aðstoðaði þau við að komast í samband



við mögulega viðmælendur og var þeim innan handar við skipulagningu ferðar. Í myndbandinu er m.a. rætt við Helgu Jóhannu Bjarnadóttur formann stjórnar VBR, Halldóru Vífiladóttur, aðstoðarforstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins og Björn Guðbrandsson arkitekt hjá Arkís. Myndbandið má skoða á fésbókarsíðu VBR.

Varðandi birtingar greina í dagblöðum og fagtímaritum er vísað í viðauka um árangursmat.

**Kynningarstarf:**

Í ágúst 2013 áttu formaður og framkvæmdastýra fundi með annars vegar nýjum Umhverfis- og auðlindaráðherra og svo viku síðar, Atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra til að kynna starfsemi Vistbyggðarráðs. Það er mikilvægt að vera í góðu samstarfi við stjórnvöld hverju sinni og er Vistbyggðarráð í raun tilvalinn vettvangur fyrir stjórnvöld til að vinna að ýmsum samstarfsmálum og komast í beina tengingu við þá aðila á byggingarmarkaði sem hafa skýr umhverfismarkmið að leiðarljósi í starfi sínu.

**3.2 Vefsíða Vistbyggðarráðs**

Framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs sér um uppfærslu heimasíðunnar. Heimasíðan er í sífelldri þróun og þar er að finna nýjustu fréttir um þá viðburði sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma, auk annars áhugaverðs efnis. Stefnt að því að bæta við upplýsingaefni, bæði almennu fræðsluefni sem og upplýsingum um það sem verið er að vinna á vegum Vistbyggðarráðs. Lögð er áhersla á gagnsæi í starfsemi samtakanna sem felst í því að birta það helsta sem varðar formlega starfsemi VBR s.s. fundaferðir, samþykktir, og skýrslur auk þess að hafa aðgengilegt á vefsíðunni helstu upplýsingar um t.d. vottunarkerfi og fleira sem tengist starfseminni.

**3.3 Opnir fundir, aðilafundur og opnar vinnustofur**

Undanfarin ár hefur Vistbyggðarráð staðið fyrir nokkrum opnum fundum á ári um ýmis málefni tengdum starfseminni og áherslum félagsins. Á starfsárinu var þó aðeins haldinn einn opinn fundur sem alfarið var á vegum Vistbyggðarráðs. Miðað við stöðu félagsins síðastliðið ár var ákveðið að draga lítilla úr umfangi 2013 og frekar að leggja áherslu á innra starf, styrkjaumsóknir og samstarf varðandi einstaka viðburði. Opnir fundir VBR hafa yfirleitt verið vel sóttir og fróðlegar og skemmtilegar umræður skapast um málefni. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir helstu viðburði á starfsárinu á vegum Vistbyggðarráðs en auk þess tók VBR þátt í að halda vinnustofu í samvinnu við Evrópumíðstöð Nýsköðunarmiðstöðvar í nóvember. Þá var einn haldinn aðilafundur í október sem var vel sóttur, auk ráðstefnunnar um miðjan maí. Fyrri hluta árs 2013 stóð VBR fyrir sameiginlegri ráðstefnu í Helsinki eins og þrjú undanfarin ár, opnum fundi í mars og vinnustofu í janúar, en tveir síðastnefndur viðburðirnir tilheyra þó fyrra starfsári og er því ekki gerð nánar grein fyrir þessum viðburðum hér.

**Aðilafundur að hausti**

Þann 3. október var haldinn aðilafundur Vistbyggðarráðs, en aðilafundir eru haldnir a.m.k. einu sinni á ári. Að þessu sinni var meginmarkmið fundarins að ræða þá ákvörðun stjórnar Vistbyggðarráðs frá 16. september síðastliðnum um að vinna að aðlögun alþjóðlega vistvottunarkerfisins, BREEAM til notkunar hér á landi. Ákvörðun stjórnar varðandi BREEAM var því eitt aðalræðuefnið á aðilafundinum en á fundinum voru einnig kynntar tillögur í „Íslandshluta“ Nordic Built



samkeppninnar um Höfðabakka 9. Guðmundur Tryggvi Sigurðsson hjá Reitum fasteignafélagi sem eru eigendur byggingarinnar kynnti vinningstillögur og aðra áhugaverðar tillögur sem bárust í samkeppnina. Höfundar vinningstillögunnar eru VA arkitektar, Verkís og Landmótun. Þá kynnti framkvæmdastýra tvær verkefnaumsóknir til Nordic Built sem Vistbyggðarráð er aðili að ásamt Vistbyggðarráðunum (Green Building Councils) í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.



## Opinn fundur um vistvænar byggingar, gróður og gott inniloft

Á opnum fundi sem haldinn var þann 31. október var viðfangsefnið: *Vistvænar byggingar, gróður og gott inniloft*. Fundurinn var haldinn í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Hann var vel sóttur og vakti nokkra athygli fjölmiðla, enda efnið áhugavert og snertir daglegt líf margra. Fluttu voru alls 4 erindi og má skoða glærur og lesa samantekt um fundinn á vefsíðu Vistbyggðarráðs. Þeir sem fluttu erindi á fundinum voru: Freyr Frostason arkitekt, Jóhannes Loftsson verkfræðingur, Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir garðyrkjufræðingur og Kristbjörg Traustadóttir landslagarkitekt.



## Hagkvæmar tæknilausnir fyrir vistvænar byggingar!



Þann 20. nóvember var haldinn opin vinnustofa, eða fundur þar sem fjallað var um hagkvæmar tæknilausnir fyrir vistvænar byggingar. Um var að ræða samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og verkefnisins, Enterprise Europe Network /Prism Environment og Vistbyggðarráðs. Fundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica. Á fundinum var áhersla lögð á að skoða rekstrarlegan og heilsufarslegan ávinning vistvænna bygginga hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða endurgert húsnæði. Fjórir aðilar héldu erindi á fundinum en það voru þau: Guðrún Jónsdóttir

verkfræðingur, Björn Guðbrandsson arkitekt, Hilmir Jónsson framkvæmdastjóri og Sigurgeir Þórarinnsson tæknifræðingur.

*Á vefsíðu Vistbyggðarráðs er hægt að skoða kynningar frá opnum fundum og fleiri myndir af viðburðum á fésbókarsíðu.*

## Erindi , fundir og kynningar

Það er hluti starfsins að kynna Vistbyggðarráð og markmið þess sem víðast og hefur framkvæmdastýra tekið vel í það þegar óskað er eftir kynningu hvort sem það er í skólastofnunum, á námskeiðum eða í fyrirtækjum eða stofnunum. Haldnar hafa verið kynningar m.a. fyrir arkitektanema í Listaháskólanum, byggingarverkfræðinema í Háskóla Íslands og meistaranema í Landbúnaðarháskóla Íslands.



Þá var óskað eftir erindi frá Vistbyggðarráði á Steinsteypudeginum sem haldinn var föstudaginn 21. febrúar, og var það að þessu sinni Helga Jóhanna Bjarnadóttir sem flutti erindi fyrir hönd VBR sem bar yfirskriftina: *Breeam fyrir betri byggingar.*

### 3.4 Ráðstefna Vistbyggðarráðs - Fortíðarhyggja eða framtíðarsýn 16.maí



*Fortíðarhyggja eða framtíðarsýn- sjálfbært byggðamynstur í íslensku þéttbýli*, var yfirskrift ráðstefnu sem Vistbyggðarráð og Skipulagsfræðingafélagið stóðu fyrir þann 16. maí. Ráðstefnan var vel sótt (alls 100 manns), enda viðfangsefnið spennandi og eitthvað sem snertir daglegt líf margra, eins og reyndar skipulagsmál almennt. Á ráðstefnunni var sérstaklega fjallað um vistvænt skipulag með áherslu á endurhönnun og þróun byggðar í þéttbýli. Undanfarin misseri hefur farið fram nokkur umræða um vistvænt skipulag eða öllu heldur ýmsa lykilþætti því tendu s.s. samgöngur og þéttingu byggðar en afar mikilvægt er að huga að góðu samspili þessara þátta þegar gera á gott skipulag.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar va sænski arkitektinn og borgarhönnuðurinn Klas Tham sem hefur að baki 45 ára reynslu sem arkitekt og borgarhönnuður bæði í Svíþjóð og á meginlandi Evrópu. Árið 2001 var hann aðalhönnuður og verkefnisstjóri *BoO1, City of Tomorrow*, stóru skipulagsverkefni sem unnið var á vegum skipulagsyfirvalda í borginni og snérist um endurhönnun borgarhluta (iðnaðarsvæði hafnarinnar) með sjálfbærnimarkmið að leiðarljósi. Aðrir sem fluttu erindi á ráðstefnunni voru: Hjálmar Sveinsson fulltrúi í skipulagsráði Reykjavíkur, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Guðrún Ingvarsdóttir arkitekt og Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur. Opnunarerindi flutti Stefán Thors ráðuneytisstjóri í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og það var svo skipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, Hrafnkell Proppé sem sleit ráðstefnunni.



### 3.5 Önnur verkefni

Hér á eftir eru talin upp nokkur dæmi um verkefni sem komu inn á borð framkvæmdastýru á síðastliðnu starfsári. Eitt þeirra verkefna sem sett hefur verið af stað er undirbúningur tillögu til stjórnvalda um það hvernig sé hægt að vinna að fjárhagslegum ívilnunum fyrir vistvænar byggingar. Verið er að skoða þetta víða í Evrópu og kom þetta málefni m.a. til tals og kynningar á sameiginlegum fundi Evrópunets WGBC sem framkvæmdastýra hafið kost á að sitja í Svíþjóð í september. Þetta verkefni krefst góðar samvinnu við bæði stjórnvöld og ýmsa hagsmunaaðila s.s. fjármálastofnanir og tryggingarfélag. Stefnt er að því að vinna frekar að þessu máli á næsta ári.

## LANDSSKIPULAG 2014- þáttaka í samráðsvettvangi

Vistbyggðarráði var boðið að eiga fulltrúa í samráðsnefnd í tengslum við vinnslu nýrrar Landsskipulagsstefnu 2014 og voru Egill Guðmundsson og Ólöf Kristjánsdóttir skipaðir fulltrúar VBR.

### 3.6 Vottunarkerfi

Stjórn Vistbyggðarráðs tók þann 16. september síðastliðinn ákvörðun um að undirbúa mögulega aðlögun alþjóðlega vistvottunarkerfisins, BREEAM til notkunar hér á landi. Unnið verður að undirbúning og fjármögnun verkefnisins á næstu 3 árum í samvinnu við m.a íslensk stjórnvöld og systurfélög á Norðurlöndum með það að markmiði að í framtíðinni verði ein sameiginleg útgáfa af BREEAM á Norðurlöndunum BREEAM Nordic. Áhugi sænska og norska Vistbyggðarráðsins á samvinnu þegar fram í sækir skiptir einnig máli sem og sú staðreynd að nýlega voru gerðar strúktúrbreytingar hjá BRE (alþjóðlegum rekstraraðilum kerfisins) sem fela m.a. í sér ódýrari árgjöld fyrir rekstraraðila í hverju landi. Það er mat stjórnar að BREEAM kerfið henti vel til notkunar á Íslandi en undanfarin fimm ár hafa alls 14 verkefni farið í vottunarkerfi héraðs og hafa þrjú þeirra nú fengið formlega vottun samkvæmt Breeam. Þetta sýnir að nú þegar hefur byggst upp þekking á kerfinu héraðs og er mikilvægt í ljósi hagkvæmni að vinna áfram með og nýta betur þá þekkingu og reynslu.

Nú þegar hefur verið sent út bréf til stjórnar bæði norska og sænska Vistbyggðarráðsins með ósk um formlegt samstaf á næstu árum, en vegna breytinga sem eru hugsanlega að verða á BREEAM eða stjórnun kerfisins þá er skynsamlegt að doka við en á meðan að nýta tíman til að auðvelda aðilum héraðs vinnu við vottun húsnæðis.

## 4 INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

### 4.1 Norrænu vistbyggðarráðin

Í febrúar 2014, hittust framkvæmdastjórar og formenn Vistbyggðarráðanna á Norðurlöndunum á svokölluðum stjórnendafundi í Osló þar sem var m.a. rætt um vinnu þá sem framundan er varðand þau verkefni sem fengu styrk frá Nordic Built. Framkvæmdastýra og formaður stjórnar fóru á fundinn fyrir hönd VBR, en þar var meðal annars rætt um áframhaldandi samstarf með tilstyrk Norræna nýsköpunarsjóðsins og auðvitað voru bornar saman bækur og rætt um fyrirbyggjandi ráðstefnu sem haldin verður í Kaupmannahöfn 2015.

Auk þess hafa fulltrúar Vistbyggðarráðanna átt fundi í tengslum við uppákomur Nordic Built sem hefur verið gagnlegt, og fóru til að mynda formaður og framkvæmdastýra á fundi í Osló í ágúst 2013 þar sem verið var að fara yfir Nordic Built verkefnið og árangur þess og var tækifærið nýtt til þess að eiga fund með framkvæmdastýra norska Vistbyggðarráðsins í Osló um vottunarmál.

### 4.2 Nordic Built

Bæði formaður stjórnar og framkvæmdastýra hafa sinnt hlutverki sendiherra fyrir Nordic Built verkefnið síðastliðin tvö ár. Þar hefur verið boðað til nokkurra funda og hefur framkvæmdastýra sótt alls 4 fundi í tengslum við verkefnið, tvo almenna fundi og aðra tvo vegna starfa sem dómnefndarfulltrúi í samkeppnishluta verkefnisins.

### 4.3 Skipulagsfræðingafélag Íslands

Samstarfi við Skipulagsfræðingafélagið rann út í lok árs 2013 og er óhætt að segja að samstarfið hafi gefist vel en stærstu viðburðirnir voru afhending skipulagsverðlauna hausið 2012 og svo ráðstefnan vorið 2013. Þetta samstarf gaf VBR tók á að efla tengsl sín við skipulagsfræðinga sem um leið hefur styrkt og stutt við vinnu t.d. við gerð bæklinga um vistvænt skipulag.

### 4.4 Samstarfssamningur við náttúran.is

Í desember 2013 var samþykkt að skrifa undir 2 ára samstarfssamning við fyrirtækið Náttúruna ehf. sem rekur vefsetrið náttúran.is. Markmiðið er að hafa samstarf um miðlun, fræðslu og framsetningu upplýsinga um aðgengi að vistvottuðum byggingarvörum hérlendis í gegnum vefsíðuna náttúran.is, ásamt því að hafa samstarf um undirbúning og greiningu markaðar fyrir vistvænar byggingarvörur. Þá munu VBR og náttúra.is standa fyrir einum sameiginlegum viðburði á tímabilinu.

## 5 STYRKIR

### 5.1 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Það er gríðarlega mikilvægt að fá styrki til að fjármagna frekari rannsóknir á sviði sjálfbærni á Íslenskum byggingarmarkaði og þakkar Vistbyggðarráð Umhverfisráðuneytinu fyrir þann stuðning sem það hefur veitt til starfseminnar til þessa, en í upphafi árs var veittur styrkur til útgáfu og norræns samstarfs upp á 1 milljón kr.

### 5.2 Styrkir Nordic Built til tveggja samstarfverkefna

Þau tvö verkefni sem styrkur hefur fengist til að vinna á næstu 3 árum ásamt fleirum eru: *Nordic Framework for Sustainable Urban Development*, sem fékk veglegan styrk frá Norræna Nýsköpunarsjóðnum, upp á alls 68 milljónir króna en verkefnið *Nordic Guide for Sustainable Design* fékk styrk upp á 36 milljónir, og er það verkefni sem mun án efa vera mikil hvatning til enn frekari samstarfs í tengslum við þróun og undirbúning að sameiginlegri útgáfu Breeam vottunarkerfisins fyrir norrænan markað (Breeam Nordic) Í fyrrnefnda verkefninu eru háskólar og höfuðborgir í hverju landi fyrir sig jafnframt samstarfsaðilar. Hérlendis eru það Reykjavíkurborg og Háskólinn í Reykjavík. Vistbyggðarráðin (Green Building Councils) í Noregi, Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð fengu samanlagt tæpar 105 milljónir til þess að vinna þessi tvö verkefni á næstu tveimur árum. Frekari upplýsinga er að vænta um skipulag og framgang verkefnanna í vor þegar búið verður að funda í verkefnastjórnun beggja verkefna.

Vistbyggðarráð fær hluta af þessum styrk og mun það styðja við reksturinn og geta staðið undir fjármögnun aukins starfshlutfalls framkvæmdastýri á síðari hluta árs, en gera má ráð fyrir aðkomu fleiri aðila að ákveðnum verkþáttum á síðari stigum.

## 6 AÐ LOKUM

Á síðastliðnu ári hefur starfsemi Vistbyggðarráðs verið fjölbreytt og unnið hefur verið ötullega að þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í stefnumótun Vistbyggðarráðs til ársins 2015. Stjórn Vistbyggðarráðs hefur lagt metnað í að meta störf ráðsins og í þeim tilgangi sett fram árangursmat sem fylgir þessari skýrslu.

Ef horft er til næsta starfsárs má búast við aukninu í umsvifum Vistbyggðarráðs. Þegar líður á árið mun starfshlutfall framkvæmdastýru fara úr 50% í 100% og umsvif starfseminnar aukast sem því nemur. Tekist verður á við tvö spennandi verkefni í samstarfi við Vistbyggðarráð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og án efa munu þau verkefni skila þekkingaruppbyggingu sem nýtist íslenskum byggingarmarkaði í átt að sjálfbærum lausnum. Áfram verður mikilvægt að styrkja frekar tekjustofn Vistbyggðarráðs og ná til enn víðari hóps aðila.

Vistbyggðarráð mun áfram leggja ríka áherslu á miðlun upplýsinga um vistvænt skipulag og mannvirki og styðja við faglega umræðu á þessu sviði. Haldnir verða opnir fundir, aðilafundur og einnig mun Vistbyggðarráð taka þátt í tveimur norrænum ráðstefnum annars vegar daganna 2.-3. okt. 2014 hér á Íslandi en sú ráðstefna mun bera yfirskriftina „Life Cycle Thinking – The Nordic Approach og sú síðari verður í Kaupmannahöfn á fyrri hluta árs 2015.

Stjórn Vistbyggðarráðs vill að lokum þakka Verkfræðistofnunni EFLU fyrir að hýsa starfsemina undanfarin 3 ár, einnig Sigríði Björk Jónsdóttur fyrir að stýra starfseminni með ágætum og öllum þeim er sómuleiðis þakkað sem lagt hafa starfseminni lið á einn eða annan hátt. Vistbyggðarráð leggur áherslu á að vera samstarfsvettvangur og hreyfiafl í þeirri þróun að vistvænar áherslur fái aukið vægi í skipulagi og mannvirkjagerð. Til þess að svo megi verða eru allir aðildafélagar Vistbyggðarráðs hvattir til að taka áfram virkan þátt í starfseminni.

**Reykjavík, 3. apríl 2014**

**Helga Jóhanna Bjarnadóttir, formaður stjórnar Vistbyggðarráðs**

**Áritun stjórnar:**

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

\_\_\_\_\_

Elín Vignisdóttir

\_\_\_\_\_

Páll Gunnlaugsson

\_\_\_\_\_

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson

\_\_\_\_\_

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

\_\_\_\_\_

Björn Guðbrandsson

\_\_\_\_\_

